

16. apríl, 2025

Viðtakandi: Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar, Agnes Geirdal formaður Bræðratungusóknar og Ingvi Þorfinnsson formaður Landgræðslufélags Biskupstunga
Sendandi: Garðar Þorfinnsson

Tunguheiði – saga landgræðslu 1997-2024

Saga friðunar

Þann 8. júní 1997 var undirritaður samningur milli Landgræðslu ríkisins, Landgræðslufélags Biskupstunga Bláskógabyggðar, sem eiganda Hólalands, og Bræðratungukirkju um að taka Tunguheiði til uppgræðslu. Landgræðslan girti svæðið árið 1997, um var að ræða 11 km langa rafmagnsgirðingu, sjá meðfylgjandi kort. Hið friðaða svæði er um 2. 500 ha.

Landgræðslan hefur haft umsjón með viðhaldi girðingarinnar, hvort sem hún hefur séð um það sjálf eða ráðið verktaka til verksins.

Skv. samningnum þá var stefnt að því að ljúka stærstum hluta uppgræðsluaðgerðum árið 2000. Einnig var stefnt að því að opna norðurhluta svæðisins fyrir beit sauðfjár árið 2001 og samhliða því myndi Landgræðslan kosta milli girðingu þvert yfir svæðið. Uppgræðsla svæðisins gekk mun hægar en vonir stóðu til í upphafi og var því gerður viðaukasamningur þann 7. maí 2001 um að fresta ákvæði um opna svæðið fyrir beit. Og að þeir fjármunir sem Landgræðslan hefði nýtt í fyrirhugaða þvergirðingu, skyldi varið í áframhaldandi uppgræðslu milli norðurhliðar landgræðslugirðingar og Sandár. Jafnframt var ákveðið að gerð yrði úttekt á samningssvæðinu árið 2005 og niðurstaða þeirrar úttektar nýtt til að ákveða framhald uppgræðsluaðgerða á svæðinu. Sambærilegir viðaukasamningar voru gerðir 2005 og 2016. Tunguheiði var svo afhent eigendum sínum að nýju með minnisblaði dagsett 1. apríl 2025. Samningur um Tunguheiði frá 1997 sem og viðaukasamningar frá árunum 2001, 2005 og 2016 eru meðfylgjandi aftast í þessu minnisblaði.

Saga framkvæmda

Dreifing lífræns- og tilbúins áburðar og fræs

Hafist var handa við uppgræðslu Tunguheiðar strax sumarið 1997, þar sem tilbúnum áburði og grasfræi var dreift yfir stór svæði. Félagar í Landgræðslufélagi Biskupstunga útbjuggu slóðadraga sem dreginn var á eftir dráttarvél/bíl um leið og búið var að dreifa áburði og fræi. Markmið hans var að skapa betri vaxtarskilyrði fyrir fræðið. Í upphafi sáu félagar í Landgræðslufélagi Biskupstunga um áburðardreifinguna en hin síðar ár hefur Landgræðslan séð um það að mestu. Tilbúnum áburði hefur verið dreift öll árin frá 1997 til

og með 2024 og er heildarmagn tilbúins áburðar sem dreift hefur verið rúm 505 tonn, þar sem dreift var alls á 620 ha lands þar sem að meðaltali var farið fjórum sinnum yfir hvern ha mv. 200 kg/ha. Kjötmjöli var svo dreift árin 2014 – 2016 á valda staði, samtals rúm 103 tonn eða um um 66 ha. Upplýsingar um áburðarmagn, tilbúinn áburð og kjötmöl, eftir árum má sjá í töflu 1. Staðsetningu dreifingar er svo á korti 3.

Tafla 1. Magn tilbúins og lífræns áburðar dreift á Tunguheiði árin 1997 - 2024							
Ártal	Tilbúinn áburður, kg		Ártal	Tilbúinn áburður, kg		Ártal	Kjötmöl, kg
1997	48.900		2011	7.200		2014	56.000
1998	43.500		2012	7.800		2015	18.200
1999	51.400		2013	6.000		2016	29.400
2000	40.000		2014	13.200		Samtals	103.600
2001	7.000		2015	20.400			
2002	6.000		2016	31.200			
2003	4.800		2017	33.000			
2004	4.800		2018	26.400			
2005	5.400		2019	13.800			
2006	12.800		2020	18.000			
2007	22.600		2021	26.000			
2008	12.000		2022	16.800			
2009	6.000		2023	13.200			
2010	4.800		2024	2.400			
Samtals	505.400 kg						

Gróðursett lúpína

Á upphafsárum framkvæmda var gróðursett umtalsverður fjöldi af lúpínuplöntum, plönturnar hafði Landgræðslan ræktað í Gunnarsholti. Girðingarflokkur Landgræðslunnar sem Magnús á Kjóstöðum stjórnaði gróðursetti stærstan hluta af þessum plöntum en einnig komu hópar út Gunnarsholti og frá Landsvirkjun. Heildarfjöldi gróðursettra lúpínuplantna var um 160 þúsund, sjá má skiptingu á fjölda eftir árum í töflu 2. Á korti 4 má sjá staðsetningu á gróðursettri lúpínu en gróðursett var í um 282 ha.

Tafla 2. Fjöldi gróðursettra lúpínuplantna	
Ártal	Fjöldi
1998	3.670
1998	97.400
2000	16.800
2001	9.485
2006	2.000
2007	22.000
2008	8.000
Samtals	159.355

Sáning lúpínu

Lúpínu var sáð í valda staði fyrsta árið sem voru síður aðgengileg fyrir dráttarvél með áburðardreifara, með sáningunni var leitast við að fara utan í rofabörð á svæðinu til að stöðva rof í þeim. Lúpínusáning hefur verið framkvæmd 10 sinnum á árabílinu 1997 – 2024, annars vegar var lögð áhersla á að sá lúpínu í gamlar grassáningar með það að markmiði að geta minnkað áburðargjöf á þau svæði. Hluti af þessum sáningum misfórst en hluti tókst. Hins vegar var áhersla á að koma lúpínu á svæði sem ekki var búið að vinna að uppgræðslu á og ekki var útlit fyrir að unnið yrði að uppgræðsluframkvæmdum vegna þess hve vond þau voru yfirferðar. Markmiðið með síðari áherslunni var að koma lúpínu sem víðast á svæðið svo hún gæti breitt sér út sem víðast. Sáð hefur verið um einu tonni af lúpínu og nær sú sáning yfir 274 ha, skv. gögnum hjá Land og skógi.

Kortlagning

Aðgerðasvæði áranna 1997 - 2000 voru kortlögð árið 2000, árið 2005 var svo megnið af svæðinu kortlagt. Árið 2015 og 2024 var allt svæði innan girðingar kortlagt, í kortlagningum áranna 2005, 2015 og 2024 var m.a. lagt mat á gróðurþekju, jarðvegsrof, magn sands á yfirborði og hvernig landið er yfirferðar fyrir tæki. Niðurstöður þessara kortlagninga voru svo notaðar til að meta hvar væri þörf á frekari og áframhaldandi aðgerðum á svæðinu. Í töflu 3 má sjá breytingu á gróðurþekju á milli árana 2015 og 2024 og í töflu 4 má sjá breytingu í jarðvegsrofi á Tunguheiði á milli árana 2015 og 2024.

Tafla 3. Breyting á gróðurþekju milli árana 2015 og 2024


Gróðurþekja	2015		2024	
	Ha	%	Ha	%
Algróið (91-100%)	256	11	624	26
Vel gróið (67-90%)	570	24	756	31
Hálfgróið (34-66%)	373	15	544	22
Samtals		50		79
Lítið gróið (11-33%)	288	12	497	21
Lítt eða ógróið (0-10%)	934	39	0	0
Samtals		50		21
	2421	100	2421	100

Tafla 4. Breyting á jarðvegsrofi á milli áranna 2015 og 2014


Jarðvegsrof	2015		2024	
	Ha	%	Ha	%
Lítið eða ekkert rof	789	33	1021	42
Lítið rof	792	33	768	32
Samtals		65		74
Töluvert rof	462	19	497	21
Mikið rof	378	16	135	6
Mjög mikið rof	0	0	0	0
Samtals		35		26
	2421	100	2421	100

Kortlagning sem framkvæmd var árið 2005 nær ekki yfir sama svæði og 2015 og 2024, því er ekki hægt að bera saman breytingu á svæðum milli þeirra ára.


Á korti 1, sést breyting gróðurþekju á milli áranna 2015 og 2024




Á korti 2, tvö má sjá breytingu á jarðvegsrofi á milli áranna 2015 og 2024




Kort 3. Yfirlit yfir dreifingu tilbúins áburðar og kjötmjöls á árabílinu 1997 - 2024



Kort 3. Yfirlit yfir plantaða lúpínu sem og sáningu hennar



Kort 3. Yfirlit yfir allar aðgerðir á Tunguheiði á árunum 1997-2024. Samtals hefur verið unnið að uppgræðslu á um 1.240 ha



Samningur um friðun Tunguheiðar frá 1997

Dags.	15 MAY 2001
Skjalalýkill	3121
Mátnr.	

Samningur

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu og Landgræðslufélag Biskupstungna kt. 570895-2069 annars vegar og eigendur Hóla og umráðamenn Tunguheiðar Biskupstungum hins vegar, gera með sér svofelldan samning um landgræðslu í Tunguheiði skv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965.

1. gr.

Undirritaðir, sem eru eigendur og umráðamenn lands þess sem hér um ræðir, láta landið endurgjaldslaust af hendi til landgræðslu. Að landgræðslunni verður unnið í samstarfi Landgræðslufélags Biskupstungna og Landgræðslu ríkisins skv. sérstakri áætlun og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

2. gr.

Landið verður girt fjárheldri rafgirðingu og eru mörk þess lauslega dregin inn á meðfylgjandi loftmynd, og skoðast uppdrátturinn hluti af samningi þessum.

3. gr.

Landgræðslan girðir umrætt svæði, og verður endanlegt girðingarstæði valið af landgræðsluverði, Landgræðslufélagi Biskupstungna og landeigendum. Ópið verður fyrir sauðfé suður í Hólahaga um sérstaka rennu meðfram Haukadalsheiðargirðingunni.

4. gr.

Stefnt er að því að ljúka uppgræðsluáðgerðum að stærstum hluta árið 2000.

5. gr.

Stefnt er að því að opna norðurhluta svæðisins til haustbeitar sauðfjár árið 2001 og mun Landgræðsla ríkisins kosta milligirðingu þvert yfir svæðið. Þá verður og gerð áætlun um nýtingu syðri hluta svæðisins.

6. gr.

Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða eintök og halda landeigendur einu eintaki hvor, Landgræðslan einu, Landgræðslufélagið einu og Landbúnaðarráðuneytið einu. Eitt eintak skal ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Landgræðsla ríkisins mun sjá um að það sé gert og greiða kostnað þann sem af því leiðir.

Biskupstungum, 18. júní 1997,


F.h. Landgræðslu ríkisins


Sveinn Runólfsson



f.h. eigenda Hólalands


Gísli Einarsson, oddviti


f.h. Landgræðslufélag
Biskupstungna


Þorfinnur Þórarinnsson

f.h. Bræðratungukirkju


Vitundarvottar:


170562-5859
kt.


200251-3149
kt.

Landbúnaðarráðuneytið er
samþykkt samningi þessum.

F. L. r.





Viðaukasamningur

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu og Landgræðslufélag Biskupstungna kt. 570895-2069 annars vegar og eigendur Hóla og umráðamenn Tunguheiðar í Biskupstungum hinsvegar, gera með sér svofelldan viðaukasamning við samning um landgræðslu í Tunguheiði dagsettum 18. júní 1997.

1. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að viðmiðunarár skv. 4. gr. samningsins verði 2005 í stað 2000.

2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að fresta framkvæmd 5. gr.

3. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að fjármunum sem verja átti á þessu ári skv 5. gr. skuli verja til áframhaldandi uppgræðslu milli núverandi girðingar á norðurhlíð landgræðslusvæðisins og Sandár.

4. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að á árinu 2001 verði gerð úttekt á árangri landgræðslu á samningssvæðinu. Á grundvelli þeirrar úttektar verði gerð áætlun um nýtingu svæðisins sbr. 5. gr. samningsins.

5. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að á árinu 2005 verði gerð úttekt á árangri landgræðslu á samningssvæðinu. Niðurstöður þeirrar úttektar verði lagðar til grundvallar ákvörðunum um nýtingu svæðisins, sbr. 5. gr. samningsins, og framhald uppgræðslu.


S.A.S.

Sv. H.
B.P.

S.R.

Biskupstungum 7. maí 2001

Fh Landgræðslu Ríkisins



Sveinn Runólfsson

Fh eigenda Hótalands



Sveinn Sæland

Fh Landgræðslufélags Biskupstungna



Þorfinnur Þórarinnsson

Fh Bræðratungukirkju



Sveinn Skúlason

Vitundavottar:

 kt: 050861-3539 kt: 270864-3179

Viðaukasamningur

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, Rangárþingi ytra og Landgræðslufélag Biskupstungna kt. 570895-2069 annars vegar og eigendur Hóla og Tunguheiðar í Biskupstungum hinsvegar, gera með sér svofelldan viðaukasamning við samning um landgræðslu í Tunguheiði dagsettum 18. júní 1997 og viðaukasamning frá 7. maí 2001.

1. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að viðmiðunarár skv. 4. gr. samnings verði 2015 í stað 2005, sem gert var ráð fyrir í viðaukasamningum.

2. gr.


Samningsaðilar eru sammála um að viðmiðunarár skv. 5. gr. verði 2010.

3. gr.


Samningsaðilar eru sammála um að á árinu 2010 verði gerð úttekt á árangri landgræðslu á samningssvæðinu. Á grundvelli þeirrar úttektar verði gerð áætlun um nýtingu svæðisins sbr. 5. gr. samningsins og áframhaldandi uppgæðslu.

Biskupstungum 15. nóvember 2005


F.h. Landgræðslu ríkisins


Sveinn Runólfsson


F.h. eigenda Hóla og Tunguheiðar


Sveinn A. Sæland


F.h. Landgræðslufélags Biskupstungna



Þorfinnur Þórarinnsson

F.h. Bræðratungukirkju


Sveinn Skúlason

Vitundarvottar:


Aðalgrímur Jónsson 130945-2879


Þorfinnur Þórarinnsson 030774-5589

Viðaukasamningur frá 2016

Viðaukasamningur

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3658, Gunnarsholti, Rangárbíngi ytra í samstarfi við Landgræðslufélag Biskupstungna, kt. 570895-2069, annars vegar og eigendur Hóla og umráðamenn Tunguheiðar í Biskupstungum hins vegar, gera með sér svofelldan viðaukasamning við samning um landgræðslu í Tunguheiði, dagsettum 18. júní 1997, sbr. og viðaukasamninga frá 7. maí 2001 og 15. nóvember 2005.

1. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að viðmiðunarár skv. 4. gr. samningsins verði 2024 í stað 2015, eins og áður var gert ráð fyrir. Aðilar eru sammála um að það ár taki landeigendur aftur við svæðinu í samræmi við lög um landgræðslu nr. 17/1965, sjá sérstaklega 12. gr.

2. gr.

Landgræðslan fjarlægir girðinguna sem friðar Tunguheiði, er girti var 1997, í lok gildistíma samningsins nema um annað verði samið.

3. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að 5. gr. samningsins frá 1997, með síðari breytingum í viðaukasamningum frá 2001 og 2005, komi ekki til framkvæmda á samningstímanum, þ.e. að landið verði ekki opnað til haustbeitar á samningstímanum.

4. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að á árinu 2024 verði gerð úttekt á árangri landgræðslu á samningssvæðinu.

Biskupstungum 23/8 2016

F.h. Landgræðslu ríkisins


Árni Bragason

F.h. eigenda Hólalands


Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar


Helgi Kjartansson

F.h. Landgræðslufélags Biskupstungna


Ingvi Þorfinnsson

F.h. Bræðratungukirkju


Kjartan Sveinsson